

16. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 17:00 í Bryðjuholti.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

Dagskrá:

1. Umhverfisverðlaun og umhverfishrós 2021.
2. Drög að Landgræðsluáætlun.
3. Drög að landsáætlun í skógrækt.
4. Ferðasalerni.
5. Umhverfisáttak

1. Umhverfisverðlaun og umhverfishrós 2021.

Umhverfisverðlaun 2021 rædd. Margir efnilegir aðilar koma til greina og fólk að standa sig mjög vel. Nefndin komst að sameiginlegri niðurstöðu og fylgir rökstuðningur með fundargerð.

2. Drög að Landgræðsluáætlun.

Málið lagt fram til kynningar.

3. Drög að landsáætlun í skógrækt.

Málið lagt fram til kynningar.

4. Ferðasalerni.

Mikil vandamál er að losna við seyru sem kemur inná tjaldsvæði vegna ferðasalerna. Ekki er til í dag skýr farvegur fyrir þá seyru en vegna líktaefna sem eru notuð í þau má seyran ekki fara í rotþær.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps telur nauðsynlegt að efni sem notuð eru í ferðasalerni sem leiða til þess að seyran megi ekki fara í sama farveg og önnur seyra verði bönnuð. Til eru efni sem gegna sama hlutverki en skemma ekki fyrir niðurbroti seyru og ef slík efni eru notuð þarf ekki sér farveg fyrir ferðasalernis seyru. Því er nauðsynlegt að banna slík efni þannig að öll seyra geti farið í sama vinnsluferli. Umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að koma erindinu áfram til umhverfisráðuneytis.

5. Umhverfisáttak.

Rætt um umhverfisáttak, nefndin leggur til að lögbýli og fyrirtæki geti óskað eftir að fá járna- eða timburgáma til sín að kostnaðarlausu til að fara í umhverfisáttak í júní í allt að viku í tengslum við umhverfisáttakið Hreint Suðurland. Hrunamannahreppur á að ganga á undan með góðu fordæmi og hreinsa þau svæði sem eru í þeirra umsjá t.d. í kringum áhaldahúsið og í Laxárhlið.

Fundi slitið 18:23

Daði Geir Samúelsson
Bjarni A. Hjaltason
Valdís Magnúsdóttir